

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

um störf undanþágunefndar grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

2. gr.

Sæki enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Skólastjóri getur einnig leitað til undanþágunefndar ef hvorki hann, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

3. gr.

Undanþágunefnd metur umsóknir skv. 2. gr. og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólástjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrun Jensdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	Kr.
Vegna bifreiðar	400,00
Vegna bifhjóls	400,00
Vegna bifhjóls með hjálparvél	300,00
Vegna vélsleða	300,00
Vegna heimilisdráttarvélar	300,00
Vegna rafstöðvar	150,00
Vegna súgþurrkunartækis	150,00
Vegna heyblásara	150,00
Vegna trillubáta	1 200,00

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 49/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1987. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 19/1986 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson